

Reykjavík 5. desember 2013

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og lögum nr. 80/2011, um breytingu á þeim lögum (rekstur heimila fyrir börn). Þingskjal 232 — 186. mál. (Lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi harma að ekki hafi tekist samstaða um útfærslu á leiðum og kostnaðarskiptingu vegna reksturs vistheimila fyrir börn til að framfylgja lögum nr. 80/2011 sem breyttu barnaverndarlögum, um tilfærslu ábyrgðar á stofnun og rekstri heimila skv. 84. gr. bvl., frá sveitarfélögum til ríkisins.

Með vísan til umsagnar sem Barnaheill gerðu við frumvarp sem varð að breytingarlögum nr. 113/2012 sem frestuðu gildistöku ákvæða um tilfærslu ábyrgðar á rekstri slíkra heimila frá sveitarfélögum til ríkis, áréttu Barnaheill þá afstöðu sína að réttur barna til að njóta úrræða eins og vistheimilis, fjölskylduheimilis eða sambýlis á að vera óháður búsetu. Mikilvægt er að börn geti notið þessarar þjónustu í heimabyggð og fái notið réttar síns til að umgangast foreldra sína og njóta umönnunar þeirra, leiðsagnar og stuðnings. Af þeim sökum telja Barnaheill - Save the Children á Íslandi mikilvægt að ríkið tryggi að sveitarfélög geti sinnt þessu hlutverki sínu. Börn ættu ekki að þurfa að líða fyrir að ríki og sveitarfélög komist ekki að samkomulagi um verklega útfærslu og rekstur slíkra heimila. Börnum ber að tryggja aðgang að nauðsynlegum úrræðum án mismununar á grundvelli búsetu eða annarra ástæðna.

Barnaheill – Save the Children taka þó jafnframt undir það sjónarmið sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu, að það getur valdið mismunun á milli barna á grundvelli búsetu, sem og latt sveitarfélög til að nýta slíkt vistheimili, ef einungis yrði um eitt slíkt að ræða utan höfuðborgarsvæðisins. Það verður þá eðli málsins samkvæmt misfjarlægð frá heimahögum barna á landsbyggðinni, í þeim aðstæðum að þurfa að njóta þjónustu slíks heimilis. Það verður til þess að börnum verður gert miserfitt fyrir að umgangast foreldra sína og systkini á meðan á dvöl þeirra á vistheimili stendur. Að þessu leyti getur verið réttmætt að falla frá tilfærslu ábyrgðar á stofnun og rekstri vistheimila skv. 84. gr. bvl. Að mati samtakanna er afar mikilvægt að ríkið geri allt sem í þess valdi

stendur til að gera sveitarfélögum kleift að reka slík vistheimili sem næst heimabyggð þeirra barna sem þjónustnna þarfnast.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi við ákvarðanir sem það varðar og að lög landsins tryggi börnum þá vernd sem velferð þeirra krefst.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla- Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla- Save the Children á Íslandi